

2. fundur skólaráðs

Dags: 2. september 2010

Staðsetning: Í Grunnskólanum á Hólmarvík

Fundartími: 17:00

Mættir eru: Bjarni Ómar Haraldsson, Jóhanna Kristveig Guðbrandsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Vala Friðriksdóttir, Arnór Jónsson, Stella Guðrún Jóhannsdóttir, Sigrún María Kolbeinsdóttir, Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir og Hildur Guðjónsdóttir sem ritar fundargerð. Sverrir Guðmundsson var löglega forfallaður á síðustu stundu.

1. Starfsáætlun Skólaráðs.

Allir nefndarmenn eru sáttir við hana og fulltrúar nemenda eru búnir að fara vel yfir dagsetningar. Fundir verða á fimmtudögum samkvæmt starfsáætlun Skólaráðs og verður hún birt innan skamms á vef Grunnskólans <http://www.strandabyggd.is/grunnskolin/> þar sem Skólaráð mun fá link. Athugið að næsti fundur skólaráðs er fimmtudaginn 9. september.

2. Tímamagn skólans, kennslufyrirkomulag, umsjón og starfsáætlun/skóladagatal.

Kennslumagn og dreifing þess innan skólans kynnt. Skólaráðsfólki er bent á að kynna sér tímamagn og markmið námsgreina aðalnámskrá grunnskóla á www.menntagatt.is Námsgreinar og fyrirkomulag náms og kennslu verður kynnt fyrir foreldrum á námsefniskynningum bekkja en fyrirkomulag kynninga verður kynnt fyrir skólaráðsfólki á næsta fundi. Lögð er áhersla á sérstöðu skólans með því að vera með árshátíð og þemadaga á hverju ári en ekki annað hvert ár eins og hefur verið. Þemadagar að hausti, árshátíð að vori. Breytingar á skóladagatali kynntar, þemadagar færðir af vorönn á haustönn og verða þeir daganna 27. – 29. október og starfsdagur kennara verður færður frá 1. október til 8. október vegna vettvangsferðar starfsmanna Grunnskólans í þrjá skóla. Skólarnir eru Sjálandsskóli, Salaskóli og Norðlingaskóli. Einu foreldraviðtali er bætt við að vori til að gera upp veturinn og nú eru formleg nemendaviðtöl kominn inn í skóladagatal í fyrsta skipti og fagnar skólaráð þessum viðbótum. Umræða um hvort að tíminn sem ætlaður er fyrir foreldraviðtöl sé of stuttur og það þarf að kanna með umsjónarkennurum? Bjarni nefnir að skólastjórnendur hafi verið að koma af fundi með stjórn foreldrafélagsins þar sem rætt var um aukið foreldrasamstarf.

3. Stefna skólans og starfsmannastefna

Stefna skólans og starfsmannastefna kynntar og lesnar upp. Stefna skólans og starfsmannastefna er nú í skoðun hjá Fræðslunefnd Strandabyggðar. Áherslur sveitastjórnar og aðalnámskrá grunnskóla voru hafðar til viðmiðunar þegar stefna skólans var unnin í sumar. Fram að fundi Fræðslunefndar hefur skólaráðsfólk eða íbúar tækifæri til að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum um stefnurnar til skólastjórnenda, fræðslunefndar eða skólaráðs.

4. Akstursáætlun skólabíla í Tungusveit, drög kynnt og samþykkir skólaráð þjónustuna enda er hún sambærileg við þjónustu undanfarinna ára. Vannýttar ferðir verða þó skoðaðar sérstaklega og því gæti ferðatilhögun breyst. Skólabíll í Djúp, akstursáætlun þar er þannig að skólabíll fer eina ferð að morgni dags og frá skólanum á mánudögum til fimmtudaga kl. 14.30 en á föstudögum kl. 13.

Ályktun vegna skólaaksturs: Skólaráð hvetur fræðsluyfirvöld til að tryggja það að skólabílar hafi alltaf greiðan aðgang á leið sinni og að leiðin hafi verið könnuð af Vegagerðinni áður en skólabíllinn leggur af stað og leggur mat á hvort ferðir séu mögulegar. Skólastjórnendur og skólaráð hvetja skólabílstjóra til að hafa samband við Vegagerðina til að fá mat á færð á vegum og einnig hefur hann fullan stuðning um að fara ekki af stað ef einhver óvissa ríkir um færð af ófærðar eða veðurs.

5. Forfallakennsla

Áhersla er á að reynt verði að manna öll forföll í stað þess að fella niður tíma.

6. Valgreinar

Valgreinar kynntar og ræddar. Skólaráð telur að skólinn sé að bjóða það sem mögulegt er í valgreinum í unglingsdeild miðað við stærð skólans og nemendafjölda. Skólaráð fagnar þeirri ákvörðun að nemendum í 8. bekk sé boðin þátttaka í valgreinum enda styrki það greinarnar að fá aukinn nemendafjölda inn í þær.

Umræðum um næstu mál er frestað fram að næsta fundi þar sem fundartími er liðinn.

Fundi er slitið kl. 18.14.